

Minnisblað um vettvangsskoðun að Brunnánni.

Fimmtudaginn 24. mars 2022 var farin vettvangsferð að Brunná til að skoða vatnshæð í henni og hvað þurfi að gera til að endurheimta fyrri vatnstöðu á þeim hluta Kjarnaflæða sem eftir er.

Þátttakendur voru:

Tómas Björn Hauksson, forstöðumaður nýframkvæmda hjá Akureyrarbæ, Ólafur Kjartansson og Emilía Baldursdóttir frá Óshólmanefnd og Sverrir Thorstensen sem fenginn var með vegna sérþekkingar á fuglalífi Kjarnaflæða fyrr og nú en hann hefur m.a. með öðrum annast fuglatalningar á Óshólmasvæðinu.

Í samræmi við niðurstöðu fundar sem haldinn var 17. mars s.l. með umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar og fulltrúum frá Landsneti ásamt fulltrúum Óshólmanefndar var þann dag sett efni í farveg Brunnár nærri útrennsli hennar í Eyjafjarðará og þannig hækkaður þröskuldur sem var lækkaður þegar Landsnet vann að lögn Hólasandslínu. Má ætla að Landsnet hafi þar með skilað þröskuldinum í sömu hæð og var áður en þær framkvæmdir hófust.

Við lengingu flugbrautar og gerð vegar meðfram aðflugsljósum 2008 var grafinn nýr Brunnárfarvegur í gegnum dýpsta hluta Kjarnaflæðanna alveg út í vesturkvísl Eyjafjarðarár. Sú aðgerð þurrkaði upp Kjarna- og Hvammsflæðarnar og þröskuldurinn sem var settur í farveginn 2008 eða 2009 var alltof lágur til að geta dugað sem aðgerð svo staðið yrði við loforðin í aðdraganda framkvæmdanna. Því þessi lenging flugbrautar og veglagning vegna aðflugsljósa fór ekki í umhverfismat. Var það fyrst og fremst vegna þess að framkvæmdaaðili, þá Flugstoðir sem nú er ISAVIA, taldi öruggt að vatnsstaða myndi haldast óbreytt utan þeirra svæða sem færu beint undir framkvæmdina sjálfa og að flæðarnar myndu halda sínu mikilvæga fæðuhlutverki nánast óbreyttu. Umhverfisstofnun féllst á þau rök með því skilyrði að svæðið yrði vakt að og gripið til mótvægisáðgerða ef þurfa þætti.

Þar sem reyndin hefur orðið önnur en talið var, þ.e. að Kjarnaflæðar hafa þornað upp, hefur Óshólmanefndin nú farið fram á að staðið verði við samkomulagið sem gert var og gripið verði til mótvægisáðgerða með því að hækka þröskuldinn í Brunnánni í þá hæð sem var áður en flugbrautin var lengd, þannig að fyrri vatnsstaða náist.

Athugun í þessari vettvangsferð leiddi í ljós að þröskuldurinn þarf að hækka töluvert. Til þess að ákveða hversu mikið, þarf að hæðarmæla á svæðinu og Tómas Björn mun fylgja því eftir að það verði gert. Síðan þarf í samráði við ISAVIA að ákveða framhaldið. Sverrir upplýsti að besta fæðusvæði fugla að vori, einkum andfugla, hafi farið undir flugbrautina sjálfa og það verði því ekki endurheimt. En með því að hækka vatnstöðu á flæðum sunnan Brunnár væri hægt að bæta að einhverju leyti orðinn skaða. Ennfremur benti hann á að nauðsynlegt væri að fylgjast með hugsanlegum breytingum á fuglalífi eftir þessar endurbætur. Til eru talningar varðandi fæðusvæðið frá árunum 2000, 2010 og 2020 en nýja talningu þarf að gera til samanburðar tveimur til þremur árum eftir hækkun á þröskuldinum.

Samantekt skráð af Emilíu Baldursdóttur